

75  
9. júní

# Byggingarsamþykt

fyrir Stykkishólm.

## 1. gr.

Samþykt þessi gildir fyrir allt Stykkishólmsland. Þó getur stjórnarráðið veitt undanþágu frá ákvæðum þessum fyrir hús og önnur mannvirki í kaптúninu fyrir innan línu dregna úr eystra horni Maðkavíkurbotns út með samnefndri borg beina stefnu út fyrir ofan Ás til sjávar í Hvíthólsvík, þegar byggingarnefnd og hreppsnefnd mæla með því; þar fyrir utan getur byggingarnefnd veitt slíkar undanþágur.

## 2. gr.

Samþykktin tekur til allra nýrra bygginga, sem ekki eru fullgjörðar, þegar hún öðlast gildi. Þó verður ekki krafist breytinga á því, sem þegar er búið að gjöra.

Ennfremur nær samþykktin til höfuðbreytinga á eldri breytingum, svo og til minni breytinga, ef við verður komið án verulegs kostnaðarauka eða röskunar. Byggingarnefnd úrskurðar í hvert skifti, hverjar aðgjörðir telja skuli höfuðbreytingar.

## 3. gr.

Yfirstjórn byggingarmála er í höndum hreppsnefndar.

Byggingarnefndin veitir öll byggingarleyfi og hefir umsjón þess að byggingarsamþykktinni sje fylgt.

Ef lóðareiganda eða húss þykir rjetti sínum hallað með úrskurði byggingarnefndar, getur hann skotið honum til stjórnarráðsins.

## 4. gr.

Í byggingarnefnd eiga sæti: Auk oddvita hreppsnefndarinnar sem formanns, 2 menn sem hreppsnefnd kys af bæjarbúum og 2 aðrir menn, sem atkvæðisbærir bæjarbúar kjósa.

Nefndin heldur gjörðabók yfir athafnir sínar og ályktanir. Bókinni skal fylgja glögg skrá, svo gjörð að greiðlega megi finna allar ákvarðanir nefndarinnar um hverja einstaka eign, er til hennar tekur.

## 5. gr.

75

9. júní

Byggingarnefndin skal jafnskjótt og unt er láta gjöra byggingaruppdrátt, ekki minni mælikvarða en 1 : 500, yfir alt kaupúnið, þar sem á sje mörkuð skipun húsa, gatna og auðra svæða nú og framvegis um ákveðið árabíl eða eftir mannfjölgun og aukningu bygðarinnar. Skal eftir föngum ákveða, hvar vera skuli strjálbýlt og hvar megi vera samstæð bygging, hvar ætlaður staður opinberum húsum, sem reist kunna að verða, skemtisvæðum o. s. frv.

Nái uppdrátturinn samþykki stjórnarráðsins hefir hann sama gildi og byggingarsamþyktin.

## 6. gr.

Aðalgötur sjeu ekki mjörri en 14,60 metrar og aðrar götur ekki mjörri en 12 metrar, hvorttveggja mælt á milli húsalínu, enda þó að sjálf gatan eða vegurinn sje mjörri, og skal eftir þessu haga húsum, sem hjer eftir verða reist, bæði við nýjar götur, og svo sem frekast er unt einnig við götur þær og vegi, sem þegar eru gjörðir eða ákveðnir.

Til þess að torg og götur nái tilætlaðri breidd og skipulagi, skal byggingarnefnd heimilt að gjöra lóðarnám gegn endurgjaldi úr hreppssjóði, ef krafist verður, eftir óvilhallra manna mati.

Lóðareigandi getur krafist yfirmats, ef honum þykir ástæða til, en greiðir sjálfur kostnað þann, er þaraf flýtur, nema endurgjaldið verði hækkað.

## 7. gr.

Byggingarnefnd getur krafist þess, að komið sje upp og haldið við sæmi-  
legri girðingu um lóðir og óbygð lönd þeim megin, sem að götu veit eða vegi  
innan þess svæðis, sem samþyktin tekur yfir. Nefndin ákveður hvar og hvernig  
girðing skuli sett, eftir samkomulagi við landeiganda.

Gaddavír má hvergi nota fram með götu eða vegi, og þar sem gaddavír  
er nú á slíkum stöðum, skal nema hann burtu, og setja aðra girðingu innan árs  
frá þeim degi, er samþykt þessi öðlast gildi. Ekki má setja steingarða úr  
óhöggnu grjóti eða ósettu, fram með alfaravegi.

## 8. gr.

1. Hver sá er breyta vill húsi, reisa nýtt hús eða gjöra önnur mann-  
virki á lóð sinni, skal senda byggingarnefnd skriflega beiðni um það og sje  
beiðnin tvírituð. Beiðninni skal fylgja i tvennum eintökum:

- a. Uppdrættir í ekki minni mælikvarða en 1 : 100 með árituðum stærðamálum, svo greinilegir að glögglega megi af þeim sjá alla gjörð, stærð og lögun mannvirkis þess er um ræðir, og kanna að það sje að ölln svo sem vera ber. Einkum skal á húsauppdráttum greina þykt veggja og gildleik og fyrirkomulag gólfviða, svo og til hvers hvert herbergi er ætlað i öllum hæðum hússins.

7  
9. júní

- b. Lóðaruppdrættir í ekki minni mælikvarða en 1:200 með árituðum stærðamálum, er sýnir lögun og stærð lóðarinnar, mannvirki þau er fyrir kunna að vera á henni og það eða þau, er gjöra skal, ennfremur afstöðu gagnvart götum, er að liggja og nágrönnum. Flatarmál lóðar og mannvirkja skulu rituð á uppdráttinn. Byggingarnefnd getur leyft minni mælikvarða á lóðaruppdráttum en hjer var talinn, þegar um mjög stórar lóðir er að ræða.
- c. Lýsing á mannvirki því sem um ræðir, lóðinni og ásigkomulagi grundvallar, og ef um nýtt hús er að ræða eða gagngerðar breytingar á húsi, sem fyrir er, hvernig ætlast er til að hagað verði afrenslí frá húsi og lóð og vegi að húsinu, ef það stendur ekki við götu.
- d. Þá hluta húsa eða mannvirkja, sem gerð eru frábrugðin almennri venju eða verða að vera það sökum áreynslu eða annara orsaka, skal sýna á sjeruppdráttum, ef byggingarnefnd krefst, og í ekki minni mælikvarða en 1:25, skal fylgja glögg lýsing, og styrkleikareikningur látinn í tje, ef óskað er.

Á uppdráttum sje jafnan skráð stærðarhlutföll þeirra við virkileika og fylgi hverju hlutfalli mælikvarði með skiftingu eftir metramáli. Jafnframt má nota álnamál, en ekki eingöngu.

Þegar svo ber undir að byggingarnefnd telur óþarft að krefjast svo ítarlegra skjala, sem hjer hefir verið ráð fyrir gjört, getur hún veitt ívilnanir um það.

2. Sá maður skal undirskrifa alla uppdrættina, sem ábyrgð ber á því, að mannvirkið samkvæmt þeim verði að öllu löglegt, enda sje hann um það bær, að dómi byggingarnefndar. Ber hann einnig ábyrgð á því, að smíðin verði uppdráttunum samkvæm og að öllu svo sem vera ber, nema svo sje, að sú ábyrgð hvíli á öðrum manni, og skal það þá tekið fram og nafns þess manns getið í beiðninni.

3. Eftir að byggingarnefnd hefir kynt sjer umsóknina og ihugað, leggur hún annað eintak umsóknarskjalanna til geymslu í skjalasafni sínu, en endursendir beiðanda hið eintakið með árituðum úrkurði sínum, að jafnaði innan hálfsmánaðar frá því er hún tók á móti beiðninni. Sje beiðninni neitað eða breytingar gerðar að samþyktarskilyrði, skal greina ástæður þess.

Ekkert byggingariefi má veita nema þvíáðeins að umsjón verksins og ábyrgð sje í höndum manns, sem byggingarnefndin telur til þess færan fyrir kunnáttu sakir og áreiðanleika.

4. Ekki má byrja á nýrri byggingu eða gjöra breytingu á eldri byggingu nje heldur í neinu vikja frá samþyktum uppdráttum, fyr en fengið er til þess leyfi byggingarnefndar.

5. Hið endursenda eintak af uppdráttum og lýsingu byggingar skal jafnan vera við hendina nothæft á vinnustaðnum, meðan á smíðinni stendur, og

byggingarnefnd og einstökum mönnum hennar jafnan heimill aðgangur að því og byggingunni, meðan hún er í smíðum.

75

9. júní

6. Byggingarnefnd skal krefjast þess að byggingarefni, verkpallar, útbúnaður allur og tæki við húsasmíð og mannvirkji sje traust og í góðu lagi svo ekki valdi slysum eða tjóni, og skal nefndinni heimilt að gjöra um þetta þær ráðstafanir, er duga mega, á kostnað eiganda, ef ekki fæst trygt með öðru móti eða stöðva verkið að öðrum kosti.

7. Húseigandi skal tilkynna byggingarnefnd með tveggja daga fyrirvara,

- a. Hvenær byrjað er á undirstöðum eða breytingum á þeim.
- b. Hvenær rakvarnarlag er lagt í vegg.
- c. Hvenær þak er reist á steinhúsi eða grind timburhúss og
- d. Hvenær gólf eru lögð á bita.

8. Byggingarleyfi fellur úr gildi, ef ekki er farið að nota það áður en 2 ár eru liðin.

9. gr.

Ekki má taka neitt hús til afnota fyr en fengið er vottorð byggingarnefndar um að það fullnægi kröfum byggingarsamþyktarinnar.

10. gr.

1. Hverju íbúðarhúsi skal fylgja óbygð lóð, er ekki sje minni en hússtæðið. Gluggi eða gluggar íbúðarherbergis sje ekki nær öðru húsi andspænis en meðalvegghæð þess húss er fyrir ofan gólf herbergisins. Þar að uuki getur byggingarnefndin leyft aðra glugga á sama herberginu. Ekki má gjöra þak yfir óbygða lóð, sem fylgja skal hverju íbúðarhúsi.

2. Greiður gangur skal vera fyrir slökkvitól að þeim hluta lóðar hvers húss, er ekki liggur að götu, og ákveður byggingarnefnd í hvert skifti, hvernig inngangi á lóðina skuli hagað.

11. gr.

A öll hús, sem framvegis eru reist í kaптúninu, skal setja þakrennur með veggrennum svo löngum, að op þeirra sje í mesta lagi 16 sentimetra fyrir ofan gangstjett eða götu. Þar sem gangstjett er, getur byggingarnefnd heimtað, að gjörð sje steinrenna yfir þvera stjettina frá hverri veggrennu út í götarennu.

Ef nauðsynlegt er vegna umferða eða viðhalds á götu, getur byggingarnefnd heimtað, að þakrennur með veggrennum sjeu settar á eldri hús.

1. Vegg hæð húss skal mæla frá götu upp í skurðarlinu þak- og veggflatar að utanverðu. Ef húsið stendur ekki við götu, skal miða hæðina við beina línu milli jaðra þeirra gatna, sem næstar liggja húsinu á báðar hendur, eða við jarðarfliot umhverfis húsið, sem ekki er lægri en þessi lína. Þar sem þessi ákvæði ná ekki til eða eiga ekki við, kveður byggingarnefnd á um það, hversu mæla skuli. Undirstöðuhæð húsa skal miða á sama hátt og nú var sagt (sbr. 14. gr.).

2. Hæð húsa er fyrst og fremst háð þeim takmörkunum, sem byggingarnefnd setur í hvert skifti eftir slökkvitólum þeim og björgunartækjum, sem fyrir hendi eru, og eldshættu þeirri, er hún telur byggingarlagi hússins, efni þess og notkun samfara.

Vegg hæð húss má ekki meiri vera en breidd götunnar milli húsalína. Þetta ákvæði nær þó ekki til húsa, sem standa við torg eða andspænis opnu svæði. Ef gatan hallast fram með húsi, skal tekin meðalhæð. Hæð húss á gatnamótum má, ef göturnar eru misbreiðar, miða við breiðari götuna bæði á þeirri hlið, er að henni veit, og einnig þeirri, er veit að mjórri götunni, en þó ekki lengra frá horni (skurðarpunkti húsalínanna) en breidd mjórri götunnar nemur á gatnamótum.

Ef hús er reist inni á lóð, má miða húshæðina við götubreiddina að viðlögðu hinu auða svæði framan við húsið, en þá telst það svæði ekki til þeirrar óbygðrar lóðar, er fylgja ber húsinu (sbr. 10. gr. 1.).

3. Þar sem götubreidd eða annað er ekki til fyrirstöðu, má hæð húsa vera sem hjer segir:

- a. Hús úr steini eða steinsteypu, sem innan eru klædd steinlímshúð eða öðru jafn eldtryggu efni, samfelt á veggjum og lofti í hverju herbergi, mega vera alt að 10,0 metrar að vegg hæð. Í þeim má vera íbúð á tveim hæðum og auk þess annaðhvort í þakhæð eða í kjallara, ef ekki mæla aðrar ástæður á móti. Gólf í þakhæð má ekki liggja fyrir ofan skurðarlinu þak- og veggflatar, nje meira en 1,25 metrum fyrir neðan hana. Ef hvorki er íbúð í þakhæð nje kjallara, má leyfa þrjár hæðir og alt að 11 metra vegg hæð.
- b. Ofan á eina hæð úr steini eða steinsteypu má reisa tvílofta timburhús með alt að 10 metra vegg hæð frá götu og má í slíku húsi vera íbúð á þrem gólfum alls, ef stigar eru eldtraustir í neðstu hæð og annaðhvort eldtraust loft yfir henni eða húsið alt klætt innan steinlímshúð eða öðru ekki eldfimara efni á sama hátt sem fyrir er mælt í næstu málsgrein hjer á undan.
- c. Önnur timburhús mega vera að vegg hæð alt að 9 metrum og í þeim íbúð að eins á tveim gólfum. Þó má gera íbúð í kjallara slíkra húsa, ef svo er umbúið gegn eldhættu, sem ákveðið er í næstu málsgrein á undan, og kjallarinn að öðru leyti fullnægir kröfum byggingarsamþykta.
- d. Hæð húsa, sem eldfimari eru eða ótraustari en hjer var lýst, ákveður byggingarnefnd.
- e. Leyfa má brjóstþil og fóðurpappir innan á veggjum allra húsa.

4. Rishalli á þökum þeirra húsa, sem byggð eru eins há að veggjum og frekast er leyfilegt eftir 2. og 3. lið þessarar greinar, má ekki meiri vera en nemi 45° horni við lárjettan flöt. 75  
9. júní

Sje þak brattara skal húsið vera þeim mun vegglaegra, nema byggingarnefnd veiti sjerstakt leyfi til, enda sjeu þá ákvæðin í 2. lið ekki til fyrirstöðu.

5. Byggingarnefnd getur veitt sjerstakt leyfi til að byggja hærri turna, kvisti, gaffla og þess háttar til skrauts, en þó má samanlögð breidd slíkra útbygginga ekki nema meiru en hálfri lengd þeirrar húshliðar, sem þær eru yfir nje heldur má vera skemra á milli tveggja slíkra útbygginga en nemi helming af samanlagðri breidd þeirra.

### 13. gr.

Við hús, sem reist er nær lóðarmörkum en 3,15 metrar, skal gera eldvarnarvegg út að nágrannalóð. Sje hús á nágrannalóðinni nær lóðarmörkum en 3,15 metra og án eldvarnarveggjar, skal gera eldvarnarvegg við hið nýja hús ef það er sett nær nágrannahúsinu en 6,30 metrar, nema eigandi nágrannahússins hafi áður skuldbundið sig til að gera eldvarnarvegg, þegar þess yrði krafist og skal hann þá gjöra slíkan vegg.

Við hús, sem nú stendur nær lóðartakmörkum en 3,15 metra eða nær nágrannahúsi en 6,30 metra og er án eldvarnarveggjar, skal gera slíkan vegg þegar höfuðaðgerð fer fram á því.

Eigi má skifta húseign, nema hver hluti hennar fullnægi kröfum þessarar samþykta um sjerstakar húseignir.

Eldvarnarveggi skal gjöra úr grjóti og steinlími eða úr steypu. Þeir skulu ná 16 sentimetra upp fyrir þakið og hvergi þynnri vera en 18,5 sentimetrar, en að öðru leyti ákveður byggingarnefnd þykt þeirra í hvert skifti. Á þeim mega hvorki vera gluggar nje önnur op.

Eldvarnarveggur skal vera áfastur við húsið og má hann vera sameiginlegur fyrir tvö hús, ef hann er áfastur báðum húsunum og tekur 16 sentimetra upp fyrir þak hærra hússins.

### 14. gr.

1. Grafa skal undirstöður útveggja í öllum húsum og burðarveggja innan húss niður á fastan botn og ekki skemra en 1,20 metra í jörð niður, þar sem föst klöpp er ekki ofar. Undirstöður íbúðarhúsa og allra þeirra húsa, sem tvílofta eru eða hærri, skal hlaða úr grjóti og leggja í steinlím (sement eða kalk) eða steypu, alla leið frá föstum botni undir steinhúsum, en þúkka má undirstöður timburhúsa, þó ekki ofar en svo, að eftir sje í jörð að minsta kosti 0,65 metrar af undirstöðunum. Byggingarnefnd getur og leyft þúkk undir litlum og lágum steinhúsum eða þegar sjerstakar ástæður eru fyrir hendi, en hins vegar tryggjng þess að óhult sje. Þó skulu undirstöður steinhúsa ekki ná skemra í jörð en 1,20 metra, nema föst klöpp sje ofar.

75 2. 10—20 sentimetrum fyrir ofan jarðarflöt eða fyrirhugaða hæð hans  
9. júní skal leggja í undirstöður allra húsa rakavarnarlag í minsta lagi 2ja sentimetra  
þykt úr sementi og sandi til helminga og þar á jarðbik, þakhellur í sementi eða  
annað vatnshelt efni.

Þar sem enginn er kjallari má rakavarnarlagið koma ofan á undirstöð-  
urnar, en ávalt neðan gólfviða. Þar sem kjallari er gjörður skal einnig leggja  
rakavarnarlag 5—10 sentimetrum ofan kjallaragólfs, og skulu þá útveggir jarð-  
bikaðir utan á milli laganna eða á annan hátt varðir jarðraka.

Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar,  
þegar um skúra eða lítil útihús er að ræða.

### 15. gr.

1. Veggir steinhúsa sju hlaðnir úr settu og höggnu grjóti, lögðu í stein-  
lím, eða gjörðir úr steinsteypu. Steinsteypuveggir íbúðarhúsa ofan kjallara og  
einnig í kjöllum, sem ætlaðir eru til íbúðar, skulu gjörðir úr steypu ekki veik-  
ari en 1:4:7 (þ. e. 1 hluta sements móti 4 hlutum sands og 7 hlutum grjót-  
mulnings eða malar). Aðra veggi og undirstöður má gjöra úr steypu 1:4:8.  
Með sjerstöku leyfi byggingarnefndar má drýgja steypu í undirstöðum með hreinu  
sterku grjóti, hrjúfru eða brotnu, þegar veggþykt undirstöðunnar er ekki undir  
35 sentimetrum eða á henni hvílir ekki mikill þungi; þó má enginn steinn á  
neinn veg stærri vera en nemi alt að helmingi veggþyktar undirstöðunnar, al-  
staðar sje smágjörðari steypa á milli steinanna, og steypan að öðru leyti svo  
sterk, að í minsta lagi komi 1 hl. sements á móti 16 hl. sands, mulnings (eða  
malar) og grjóts samtals.

Öll hleðslu- og steypuefni sju sterk, ófúin og að öðru óskemd og úr  
hreinsuð öll lífræn efni. Grjótulningur og steypumöl sju ekki stórgjörðari en  
svo, að stærstu molar fari í gegnum 5 sentimetra viðan hring.

2. Þykt veggja, sem gjörðir eru úr ekki veikara efni en steinsteypu  
1:4:8, skal vera sem hjer segir:

a. Þykt hliðveggja þeirra, sem eru burðarveggir (bera þak- og loftþunga) skal  
í einlofta húsum eða í efri eða efstu hæð í hærri húsum miða við *breidd*  
hússins frá ytri brún veggjarins inn í miðjan næsta burðarvegg — er þessi  
breidd hjer kölluð B — og *veghæðina* frá gólfi og upp undir þak (á efri  
brún syllu), og er sú hæð hjer táknueð með H. Skal veggjarþyktin í minsta  
lagi vera

$$\frac{1}{25} B + \frac{1}{50} H.$$

Ef húsið er portbyggt, skal samt sem áður mæla veggghæðina frá gólfi alla  
leið upp á syllu, en hins vegar þarf sá hluti veggjarins, sem er fyrir ofan  
loft (þ. e. portveggurinn), ekki þykkari að vera en 23 sentimetrar, þó að  
veggurinn eigi annars að hafa meiri þykt, nema aðrar ástæður komi til greina.

Ef enginn er burðarveggurinn milli útveggja, en þungi þaks og lofts hvílir eingöngu á útveggjum, skal B vera öll breidd hússins utanmáls.

75  
9. júní

Ef húsið er marglofta, skal auka þykt hliðveggja í næstu hæð í minsta lagi um  $\frac{1}{50}$  hæðarinnar — mælt af gólfi á gólf — og þannig koll af kalli fyrir hverja hæð að kjallara meðtöldum.

Hjer og alstaðar annarsstaðar í samþykkt þessari er hæð í húsi talin af gólfi á gólf, ef ekki er annars getið sjerstaklega.

Þverveggir úr sama efni og hliðveggir og sambygðir þeim sjeu ekki strjálí en svo, að einn komi að minsta kosti á hverja 10,00 metra í lengd hliðveggjar.

- b. Gafveggir, sem að eins bera sinn eiginn þunga, en á eru gluggar eða dyra-tóttir, mega vera 23ja sentimetra þykkir ofan efsta lofts (þ. e. á þakhæð) og á næstu hæð þar fyrir neðan, en þykni úr því á hverri hæð í minsta lagi um  $\frac{1}{100}$  hæðarinnar og ekki minna en 3 sentimetra, og í kjallara sjeu þeir ekki þynnri en 32 sentimetrar.

Gluggalausir gafveggir mega vera 23 sentimetrar á þykt bæði í þakhæð og tveim næstu hæðunum þar fyrir neðan, þykni þá um  $\frac{1}{100}$  hæðarinnar og ekki minna en 3 sentimetra, en sje í kjallara ekki þynnri en 32 sentimetrar.

Gafveggir skulu vandlega bundnir í þak og gólfviði (sbr. 17. gr.) og studdir þakstól, ef þeir eru hærri en 4 metrar ofan efsta lofts.

- c. Byggingarnefnd getur leyft, að aðrir útveggir en hjer hafa taldir verið, sem stuttir eru, milli þverveggja úr sama efni og bera lítið eða ekkert annað en sinn eiginn þunga, svo sem útveggir stigahúsa, megi vera að þykt jafnir gafveggjum.
- d. Enginn útveggur má þó þynnri vera ofan jarðar en 23 sentimetrar nje í jörðu þynnri en 32 sentimetrar. Hins vegar getur byggingarnefnd leyft, að veggjarþrep undir gluggum en ofan gólfs sje alstaðar ofan kjallara 23ja sentimetra þykk, þó að veggir sjeu annarsstaðar þykkari, ef innan þrepsins eru sett hitunarfæri eða skjólveggur. Í kjallara mega veggjarþrep undir gluggum ekki þynri vera en 32 sentimetrar.
- e. Innan við útveggi íbúðarherbergja, sem hlaðnir eru eða steypdir þynri en 32 sentimetrar, skal setja skjólvegg úr steini eða steypu, steinlimshúð á listum eða járnneti, timbri og veggfóðri eða öðru ekki lakara efni, sem byggingarnefnd samþykkir. Loftrúm sje á milli útveggjar og skjólveggjar og ákveður byggingarnefnd breidd þess, og sje hún ekki minni en 3,2 sentimetrar.
- f. Útveggi úr steini eða steypu skal sljetta utan með sementshúð ofan jarðar og hafa vatnsvarnarefni í húðinni, eða verja þá á annan veg tryggilega gegn vætu utan að.
- g. Burðarveggir innan húss sjeu á hverri hæð jafnir að þykt  $\frac{1}{3}$  af samanlagðri þykt beggja hliðveggja þeirrar hæðar, eins og hún er ákveðin hjer að framman (staflíð a.).

Ef burðarveggirnir eru tveir samhliða, skal hvor um sig vera að þykt

75  
9. júní

jafn  $\frac{2}{3}$  af þykt þess hliðveggjar, sem honum er næstur. Ef ekki er stiga-hús á milli þeirra eða breiðara bil en nemi  $\frac{1}{3}$  af allri breidd hússins innan-máls, getur byggingarnefnd veitt nokkra ívilnun á þessu ákvæði.

Ef breiðara er milli samhliða burðarveggja en nemi  $\frac{1}{3}$  af allri húsbreidd-inni innanmáls, getur byggingarnefnd aukið þykt þeirra eftir því sem þörf krefur.

Þykt burðarveggja ofan efsta lofts ákveður byggingarnefnd í hvert skifti. Þó mega burðarveggir hvergi þynnri vera en 16 sentimetrar.

Ef burðarveggir hafa að dómi byggingarnefndar ónógan stuðning af þverveggjum getur hún aukið þykt þeirra svo sem þörf krefur.

- h. Veggir stigahúsa, sem ekki eru burðarveggir nje tveir stigar liggja að, skulu í þakhæð og næstu hæð vera í minsta lagi 13 sentimetra þykkir og síðan ekki þynnri en 16 sentimetrar; þó sjeu þeir í kjallara að minsta kosti 3 sentimetrum þykkari en í næstu hæð fyrir ofan (sbr. 22. gr. 3.).
- i. Aðrir innveggir úr steini eða steypu, sem aðeins bera sinn eiginn þunga, skulu á þakhæð og næstu tveim hæðum vera í minsta lagi 13 sentimetra þykkir, síðan 16 sentimetrar, en þó í kjallara að minsta kosti 3 sentimetrum þykkri en á næstu hæð fyrir ofan.

Ef slíkir innveggir eru gerðir úr timbri, skulu þeir milli íbúðarherbergja vera tvíbyrtir (16. gr. 1. d.) og auk þess með steinlímshúð báðum megin.

- j. Innveggi þá, sem um getur undir staflíð h. og i, mega bitar á engan hátt skerða, fara í gegnum eða hvíla á þeim, þar sem þeir fara í gegnum bitalögin, og þar sem slíkur veggur endar að ofanverðu skal eins að farið. Þó má þar einnig leggja bita ofan á slíkan vegg endilangan. Sama máli er að gegna þar sem slíkur veggur kemur að þakviðum. Einnig getur byggingarnefnd leyft að leggja bitaenda á stigapöllum í stigahússvegg.

Í stórum húsum — þar sem dýpt herbergja er yfir 5 metrar eða hæðir yfir 3,5 metrar — getur byggingarnefnd aukið þykt þessara veggja um 3 sentim. og eins þar sem á þá eru settar dyr mjög þjett eða mjög stórar, eða aðrar ríkar ástæður heimta.

- k. Samanlögð breidd glugga og dyratóttá má ekki í neinum vegg úr steini eða steypu nema meiru en helming af allri lengd veggjarins, engin einstök glugga eða dyratótt breiðari vera en 1,70 metrar og enginn veggjarstöpull mjórri en nemi  $\frac{1}{3}$  af samanlagðri breidd beggja tóttanna báðum megin við hann og ekki mjórri en 50 sentimetrar. Yfir glugga og dyratóttum sjeu veggir nægilega styrktir járnnum.

Þó getur byggingarnefnd leyft, að gluggatóttir og dyra- sjeu stærri eða taki meira veggjarrúm en hjer var sagt, gegn því að styrkleikur veggjanna sje þá á annan veg aukinn að því skapi.

- l. Byggingarnefnd ákveður, að hve miklu leyti hlaðnir veggir úr höggnum grásteini, tígulsteini eða öðrum steini megi hlíta sömu ákvæðum sem steinsteypu-veggir.

Byggingarnefnd getur fyrirskipað meiri veggþyktir en ákveðnar eru í

Þessari grein, þar sem gerðar eru stórar veggbrúnir (gesims) utan á vegg, vegglægjur úr trje lagðar í vegg undir bitaenda eða annað gert sem mjög eykur áreynslu á veggina eða rýrir styrkleika þeirra. 75  
9. júní

Ef þykt veggjar er aukin á einhverri hæð, skal hún einnig aukin að því skapi þar fyrir neðan, ef byggingarnefnd telur þess þörf.

3. Ekki má múra eða steypa húsveggi eða undirstöður, ef frost er  $2^{\circ}$  C. eða meira.

#### 16. gr.

1. Timbur sem notað er til húsbygginga, skal vera vandað og óskemt.

- a. Í timburhúsum, þar sem stafhæðin er alt að 3.00 metrum og herbergjadyptin alt að 4.50 metrum, mega stafir í útveggjum á efsta lofti og efri hæð eigi vera grennri en  $10.5 \times 10.5$  sentim., á neðri hæð  $10.5 \times 13$  sentim. og hornstafir  $13 \times 13$  sentim. Sje hæðin meiri, alt að 4.00 metrum, og herbergjadyptin alt að 6.00 metrum, skal þykt stafanna út og inn aukin að minsta kosti um 26 mm.

Byggingarnefnd má leyfa, að í smáum húsum, ekki yfir 70 fermetra að flatarmáli, sjeu stafir  $10.5 \times 10.5$  sentim. bæði uppi og niðri.

Stafir sjeu ekki strjálí en svo, að eigi sje minna en einn stafur á hverjum 1,25 metrum að meðaltali í lengd veggjarins og ekki má lengra vera á milli þeirra neinstaðar en 1,50 metrar, nema byggingarnefnd veiti sjerstakt leyfi til.

Milli allra stafa sjeu spyrnur (»lausholt«) og í hverjum vegg eigi minna en tvær skorður (»skástifur«). Þær hafi eigi minna horn en  $30^{\circ}$  við lóðbeina línu. Skorður sjeu ekki grennri en stafir.

Staflægjur og syllur sjeu á hvorugan veg grennri en stafir eru á þykt út og inn.

Í hliðveggjum þeim, sem bita bera, skal undir bitaenda leggja aurstokk á grunn, ekki grennri en stafir eru í veggnum eða  $13 \times 13$  sentim, ef stafir eru gildari. Ofan á bitaenda komi undirstokkur, jafnbreiður stöfum og eigi þynnri en 6.5 sentim. Niður undan stöfum skal fella trje á milli aurstokks og undirstokks. Stafi skal festa saman um hæðamót með sterkum járnklóm og reknagla í staflægjur. Milli klónna má vera alt að 2,50 metrum.

- b. Utan á grind íbúðarhúsa skal koma þil úr plægðum borðum, er sjeu að minsta kosti 26 mm. þykk, og skal negla þau vandlega á alla stafi, skorður, spyrnur, aurstokka, bita, undirstokka, staflægjur og syllur.

Utan á pilið skal koma pappi og síðan bárujárn, en 13 m.m. þykkir listar milli járn og papp. Bárujárn á veggjum má ekki þynnra vera en 26 B. W. G. Þó má hafa þil í stað bárujárns á veggjum, er vita út að torgum eða öðrum auðum svæðum.

Innan á grindina skal koma pappi og plægt þil eða annað ekki lakara.

- 75** c. Grind i burðarveggjum innanhúss skal gjöra úr viðum eigi grennri en 10.5  
9. júní.  $\times 10.5$  sentim. Á efri hæð á smáum húsum, ekki stærri en 70 fermetra að  
flatarmáli, má þó leyfa  $8 \times 8$  sentim. grindarviði á burðarveggjum. Að öðru  
leyti gilda sömu reglur sem um útveggi, að því er snertir stafi, skorður og  
spyrnur.
- d. Aðrir timburveggir mega ekki, ef þeir eru milli íbúðarherbergja, vera lakari  
aðgjörð en svo, að þil úr plægðum borðum sje hvorum megin og 3,2 sentim.  
þykkir renningar á milli. Jafnvænir skulu veggir vera, sem stigi liggur upp  
með, nema byggingarnefnd telji þörf á meiri styrkleika (sbr. og 22. gr. 3).
- e. Í útihúsum og skúrum, sem ekki eru hærri en 3 metrar frá undirstöðu, má  
gjöra grindina úr  $8 \times 8$  sentim. trjám eða  $5.25 \times 10.5$  sentim. plönkum (eða  
»battungum«).
- f. Í timburveggjum má samanlögð breidd glugga- og dyra-opa — mælt milli  
stafa — ekki nema meiru en hálfri lengd veggjarins, nema byggingarnefnd  
veiti sjerstakt leyfi til.
- g. Nota má máttarviði með öðrum gildleika en til er tekið í þessari grein, ef  
samur er styrkleikinn eða meiri.

2. Kjallaraveggi timburhúsa skal gjöra úr sömu efnum og kjallaraveggi  
steinhúsa. Þeir sjeu að þykt ekki undir 32 sentimrum útveggir, og burðarveggir  
innanhúss á lágum húsum, ekki stærri en 70 fermetrar að flatarmáli, 20 sentim.  
þykkir, í stærri húsum ekki undir 23 sentimetrum.

### 17. gr.

1. Trjebitar í gólfum og loftum íbúðarherbergja sjeu ekki strjalli en  
en svo að 95 sentimetrar sjeu á milli þeirra, mælt af miðju á miðju.

Þar sem milligólf er skulu trjebitar ekki grennri vera en en 6 þuml. á  
hæð og 13 sentim. á breidd, þegar hafið er alt að 3,15 metrum, og aukast á hæð-  
ina um  $\frac{1}{24}$  og á breiddina  $\frac{1}{48}$  af því, sem hafið vex þar fram yfir.

Þar sem ekki er milligólf má styrkleikur bitanna vera  $\frac{1}{5}$  minni en nú  
var ákveðið.

Styrkleikur trjebita stendur í beinu hlutfalli við breiddina og við hæðina  
margfaldaða með sjálfri sjer. Þegar hæðin er kölluð  $h$  og breiddin  $b$ , miðast  
styrkleikurinn því við útkomuna af  $h \times h \times b$ , sem venjulega er skrifað  $h^2b$ . Tveir  
bitar eru því að eins jafnstærkir á sama hafi, að útkoman af  $h^2b$  sje jöfn  
fyrir báða.

Nota má bita með öðrum gildleik en hjer er ákveðinn, ef styrkleikinn  
er samur eða meiri. Þó má hæð bita ekki vera meiri en tvöföld breidd þeirra,  
nema því að eins að bitarnir sjeu skorðaðir hver gegn öðrum með kross-skorð-  
um milli efri og neðri brúnar á víxl, og sjeu skorðurnar ekki grennri en  $5.25 \times$   
 $5.25$  sentim.

2. Sjeu húsveggirnir gjörðir úr steini eða steypu, skal að minsta kosti 75 9. júní.  
þriðjihver biti festur við veggina í báða enda með sterkum járnakkerum. Gafli-  
veggir úr steini eða steypu skulu og bundnir með járnakkerum á 3ja metra  
millibili inn í bitalögin. Skal hvert akkeri ná yfir að minsta kosti tvo bita og  
fest í þá báða.

3. Trjególf skal vera úr plægðum borðum, er sjeu að minsta kosti 3,2  
sentimetra þykk. Í loftum má ekki nota striga eða pappa neðan á bita í stað-  
inn fyrir þiljur.

Milligólf skal vera, þar sem það er haft, úr borðum milli bitanna, þar  
ofan á 3 sentim. þykt lag af deigulmó, móhellu, steypu eða öðru efni, er ekki er  
lakara nje veldur óheilmæmi eða fúa.

#### 18. gr.

Þök skulu vera svo gjörð, að húsveggjum stafi engin hætta af þeim.

1. Sperrur og skammbitar mega ekki grennri vera en  $10,5 \times 10,5$  sentim.,  
þegar hafið er alt að 3,15 metrum. Hafið skal mæla á loftbitunum beint niður  
undan sperrum og skammbitum. Skulu viðir þessir gildna á hvern veg um  $\frac{1}{24}$   
af því sem hafið vex, fram yfir það sem áður greinir.

Bilið milli sperra, talið af miðju á miðju, má vera alt að 1,25 metrum  
undir málm og pappapökum, en alt að 0,95 metrum undir hellu- og steinþökum.

Nota má máttarviði með öðrum gildleik en í grein þessari er ákveðið,  
ef styrkleikinn er samur eða meiri.

2. Á sperrur skal leggja súð úr plægðum borðum, er ekki sjeu þynnri  
en 2,5 sentimetrar og þar yfir bárujárn ekki þynnri en 24 B. W. G., eða annað  
eldtrygt efni, sem brunamálalög leyfa.

3. Gafiveggir úr steini eða steypu skulu bundnir járnakkerum við  
þakviði. —

4. Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar grein-  
ar, þegar um útihús er að ræða.

#### 19. gr.

Gluggakarma og útidyra skal gera úr plönkum, er ekki sjeu þynnri en  
5,25 sentim. Þeir skulu í steinveggjum roðnir karbólini, eða öðru efni ekki lak-  
ara, á þá hlið er veit að steini eða steypu, og eins allir máttarviðir bæði í stein-  
og timburhúsum, sem að steypu liggja eða steini.

75

9. júní.

20. gr.

Íbúðarherbergi skulu ekki vera lægri undir loft en 2,50 metrar, gólfflötur þeirra eigi minna en 6 fermetrar og einn veggur útveggur, með glugga á hjörum.

Loft- og kvistherbergi má hafa til íbúðar, þó að hæð þeirra undir loft sje eigi meiri en 2,20 metrar. Sje herbergið undir súð, skal meðalhæð þess eigi minni vera en 2,20 metrar yfir að minsta kosti hálfum gólfleti herbergisins. — Hvergi mega veggir íbúðarherbergja lægri vera en 1,00 metri.

Í öllum þakherbergjum, sem í er búð, skal klætt pappa og þiljum innan á sperrur eins og á útveggi, eða öðru ekki lakara efni, sjá 16. gr. 1 b. 3. málsgrein, sbr. og 15. gr. 2. e, ef um steinhús er að ræða.

Hvert íbúðarherbergi skal vera hægt að hita.

21. gr.

Þar sem ekki er kjallari, skal í íbúðarhúsum vera í minsta lagi 30 sentimetra hæð frá jörðu undir neðstu gólfviði, og vindauga á undirstöðunni. Ef gróðurmold er hússtæðinu skal setja efst lag af mól eða öðrum hreinlegum ofaniburði, ekki þynnra en 10 sentimetra.

Kjallara má eigi nota til íbúðar nema byggingarnefnd veiti með ráði hjeraðslæknis sjerstekt leyfi til þess, og gluggar viti út að óbygðu svæði eða götu ekki mjórri en 12,50 metra.

Um skipun íbúðarherbergja í kjallara skal gæta þess sem hjer segir:

1. Helmingur af rúmmáli hvers herbergis skal vera ofanjarðar, nema sund sje gjört fram með kjallaraveggnum, að minsta kosti 50 sentim. breitt og nái það 30 sentim. niður fyrir kjallaragólf.

2. Glerflötur glugganna ofanjarðar sje eigi minni en nemi  $\frac{1}{10}$  af gólfleti herbergisins.

3. Gólf skal gjöra úr asfalti, sementi eða öðru álika vatnsheldu efni, og sje trjególf þar ofan á.

4. Gólfíð sje að minsta kosti 30 sentim. fyrir ofan hæsta stórstraumsflóð, og skal þurka jarðveginn undir því með fráæslu, eftir fyrirmælum byggingarnefndar, svo og að jarðvatn nái aldrei upp að gólfinu.

Veggina skal verja raka svo sem fyrir er mælt í 14. gr.

22. gr.

1. Í öllum húsum skal vera frjáls gangur úr hverri íbúð og einstökum hlutum hennar að stiga, og báðum ef tveir eru, og frá hverjum stiga greiður útgangur ekki þrengri en stiginn.

Ef stigar eru hafðir hvor við hliðina á öðrum, skal vera heill veggur á

milli þeirra, gjörður sem burðarveggur (15. gr., 2. gr. og 16. gr. 1. c.) og ekki minna en tvær hurðir skrálæstar á leiðinni frá öðrum stiganum til hins. **75**  
9. júní.

2. Í steinhúsum alt að 90 fermetrum að flatarmáli eða timburhúsum alt að 70 fermetrum, þar sem ekki er íbúð á fleiri hæðum en tveimur, skal vera að minsta kosti einn stigi, framstigi, ekki mjórri en 0,80 metrar, en sje húsið hærra, þá tveir stigar, framstigi 0,85 metra breiður og bakstigi 0,65 m. í minsta lagi.

Í stærri húsum, sem ekki hafa íbúð á fleiri hæðum en tveimur, má og duga einn stigi, framstigi, 0,90 m. breiður, ef húsið er steinhús og flatarmál þess ekki yfir 150 ferm., eða ef það er timburhús alt að 120 ferm., en sje húsið stærra um sig eða hærra skulu stigar vera tveir, framstigi 0,90 metra breiður, og bakstigi 0,70 metra breiður. Stigi að loftherbergjum, þar sem ekki er eldhús og ekki hafa fleiri en ein fjölskylda aðgang að, má vera 0,70 metra breiður.

Enginn stigi, sem veggir falla að á báðar hendur má þó mjórri vera milli veggja en 0,90 m.

3. Í húsum, sem íbúð hafa á fleiri hæðum en tveimur, en eru svo lítil um sig — vegna lóðapregsla eða annara svipaðra orsaka — að tveir stigar mundu rýra mjög nothæfi þeirri, má byggingarnefnd leyfa að hafa að eins einn stiga, enda sje húsið ekki ótryggara gegn eldshættu en ráð er gjört fyrir í 12. gr. 3. a. b. eða c. Slíkir stigar skulu í steinhúsum gjörðir úr járnbennti steinsteypu og allir pallar sömuleiðis, og skulu veggir stigahússins, ef þeir bera stigann, hafa nauðsynlega þykt til þess, ekki undir 25 sentim. Í timburhúsum, ofan neðstu hæðar eða kjallara úr steini, skulu stigar þessir allir gjörðir úr eik, og með steinlímshúð í járnneti að baki eða öðru ekki óeldtryggara. Einnig skal stigahúsið alt klætt innan á sama hátt og veggir þess víðaðir sem burðarveggir.

4. Allir trjestigar skulu hafa steinlímshúð á baki.

Á öllum stigum skal vera handrið, og skal stigum svo hagað, að nægileg birta og loft geti komist að þeim.

5. Bæði stigar og inngöngurið skulu vera svo gjörð, að hvert skref í þeim sje 60–65 sentimetrar. Skref í stiga er samanlagt eitt framstig og tvöfalt uppstig. Framstig er þrepsbreidd lárjett milli brúna, mæld á ganglinu, er liggur í miðjum stiga og fylgir frammeið í jafnri fjarlægð og ekki fjær fremri brún hans en 0,50 metra. Uppstig er hæðin af þrepi á þrep. Framstig má aldrei vera mjórri en 14 sentimetrar í 0,80 metra breiðum framstigum, ekki undir 17 sentim. og í öðrum framstigum og inngönguridum ekki mjórri en 20 sentimetrar. Stigagöt skulu jafnan svo víð, að gangrúm í þeim sje hvergi lægra en 1,90 m.

23. gr.

Hverju íbúðarhúsi skulu fylgja hæfilega stór og mörg salerni, og má ekki setja þau annarstaðar en byggingarnefnd samþykkir.

## 1. Um reykháfa gilda þær reglur er hjer greinir:

- a. Reykháfar skulu hlaðnir úr tígulsteini og steinlímdir eða gjörðir úr sterkri steinsteypu. Skulu hliðar reykháfsins ekki þynnri vera en 12 sentim. og vídd hans innanmáls eigi minni en 24 sentim. að þvermáli.
- b. Þar sem reykháfur gengur gegnum bita og borð, sem lögð eru undir bita skal hann vera járnklæddur hringinn í kring og eins þar sem hann gengur í gegnum þakið, og skal vera að minsta kosti 17 sentim. bil milli þeirra hliða hans, sem inn snúa, og viðanna. Ef reykháfurinn er ekki járnklæddur, skal bil þetta vera í minsta lagi 22 sentim., og skal þá múrað eða steyp á milli reykháfs og víða. Ekki má þilja reykháfinn utan nje klæða hann borðum nje láta utan um hann veggfóður, sem límt er utan á lista.
- c. Reykháfur skal annaðhvort hlaðinn frá grundvelli eða liggja á hvelfingu milli tveggja steinveggja, en má eigi standa á bitum eða trjególfum. Reykháfar skulu ná 0,80 metra upp úr mæni hússins, en komi þeir upp úr þakhlíð, ákveður byggingarnefnd hæð þeirra í hvert sinn, en þó sje hún ekki minni en 1,00 metri.
- d. Á hverjum reykháfi skulu vera nægilega mörg sópgöt, jafnvið reykháfnum og traust járnhurð fyrir í járnumgerð.
- e. Inn í 23 sm. víðan reykháfi má eigi setja reykþípu frá fleiri eldstæðum en 8, og jafnan skal hafa járnkraga í reykháfnum utan um hverja þípu þannig gerðau, að þípan geti ekki ýst inn í reykháfinn.

Ef svo mikill reykur á að fara um reykháfi, að þess má vænta að álitu byggingarnefndar, að þar af muni stafa óþægindi þeim til handa, er nærri búu, þá skal gera reykháfinn svo háan, sem byggingarnefnd telur nauðsynlegt.

## 2. Um ofna og eldavjelar gildir það, er hjer segir:

- a. Ófna og eldavjelar má eigi setja nær timburvegg en svo, að 21 sentim. sje á milli.
- b. Þípur frá ofnum og eldavjelum mega ekki koma nær trje en svo, að 21 sentim. sje í milli; þær skulu liggja inn í reykháfi og mega ekki liggja um herbergi, þar sem eldfim efni eru geymd.
- c. Eldavjelar má setja á trjególf, ef að minsta kosti 12 sm. eru frá gólfi upp að botni eldavjelarinnar og á milli tvö lög tígulsteina, hlaðin í bindingu og steinlímd, eða steypugólf jafnþykt, eða gólfíð er þakið járnþynnu eða öðru eldraustu efni.
- d. Ofnar skulu standa á múruðum eða steiptum fæti eða á múr — eða steypufyltum eða opnum járnfæti; sje rist í botni ofnsins, skal öskuskúffa vera í fætinum, og skal þá vera undir skúffunni járnþynna, er fyllir út í holið, 5 sentim. frá gólfi að minsta kosti.

- e. Þar sem ofnar eða eldavjelar standa á trjególfi, skal gólfíð fram undan eldstæðinu þakið óeldnæmu efni, járnþynnu eða öðru ekki lakara. Skal járnþynnan eða það, sem í hennar stað er notað, ná að minsta kosti 32 sentimetra fram á gólfíð fyrir framan ofnum eða eldavjelina og ekki minna en 21 sm. út fyrir ofninn eða eldavjelina til hliðanna og að aftanverðu.
- f. Herbergi, sem ætluð eru gufuköttlum eða vatnsköttlum til miðstöðvarhitunar, skulu hafa vegg og gólf úr steini eða steynsteypu og loft af sömu gerð, þó má í þess stað koma trjeloft með steinlíms húð neðan, ef ketillinn kemur ekki nær loftinu en 1,25 m. Sjerstakt leyfi byggingarnefndar þarf til að setja miðstöðvarhitun í hús.

## 25. gr.

Sjerstakt leyfi byggingarnefndar þarf til að nota önnur byggingarefni en þau, er nefnd eru í samþykkt þessari, og skal það að jafnaði veitt, ef reynsla er fyrir því, að hús úr þeim efnum sjeu jafntraust og þau, er hjer er gert ráð fyrir.

## 26. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 10 til 50 kr., og skal sekta bæði smið og eiganda, er hlut eiga að máli. Auk þess skal eigandi á sinn kostnað tafarlaust rífa niður það, sem kemur í bága við ákvæði samþykktarinnar, eða reglur þær, er nefndin setur. Ella skal það gert á hans kostnað.

## 27. gr.

Þyki byggingarnefnd samþykkt þessi ekki fullnægjandi, skal henni hemilt að setja þær reglur, er hún telur nauðsynlegar. Þegar þær hafa náð staðfestingu stjórnarráðsins, hafa þær sama gildi og samþykkt þessi.

Framanskráð byggingarsamþykkt er sett samkvæmt lögum um byggingarsamþykktir 20. október 1915, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

**I stjórnarráði Islands, 9. júní 1917.**

**Björn Kristjánsson.**

Jón Hermannsson,